

Fundargerð 47. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 5. febrúar kl. 10:30 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta í rýmum og úrræðum skv. lögum um málefni aldraðra - 1911005SA

Á síðasta fundi fjallaði nefndin um akstursþjónustu í rýmum og úrræðum skv. lögum um málefni aldraðra. Nefndin óskaði eftir að sambandið gerði könnun hjá sveitarfélögum um fjölda beiðna sem berast vegna akstursþjónustu í hjúkrunarheimilum til að átta sig á umfangi þessarar þjónustu. Könnun var send út til sveitarfélaganna þann 5. desember 2019 og bárust svör frá 15 sveitarfélögum. Helstu niðurstöður eru þær að beiðni um akstursþjónustu á hjúkrunarheimilum eru fáar og er algengast að sveitarfélög afgreiði umsóknir með því að veita akstursþjónustu í sérstöðum tilvikum. Þó var eitt sveitarfélag sem skar sig úr, þar var fjöldi beiðna um akstursþjónustu margfalt meiri en í öðrum sveitarfélögum. Sérstaða þess sveitarfélags er að þar er sveitarfélagið sjálft rekstaraðili allra hjúkrunarheimila, sem getur haft áhrif á hvernig skipulagi akstursþjónustu er háttað í sveitarfélaginu.

2. Þjónusta við fólk með ákominn heilaskaða - 2001070SA

Lögð fram til kynningar skýrsla um þjónustu við fólk með áunninn heilaskaða. Skýrslan er unnin að tilstuðlan heilbrigðisráðherra sem skipaði starfshóp til að taka saman tillögur um hvernig bæta mætti þjónustu, bæði við þá sem hafa orðið fyrir heilaskaða og fjölskyldur þeirra. Starfshópur skilaði tillögum til ráðherra í júní 2019. Tillögur starfshópsins lúta fyrst og fremst að því að efla endurhæfingu og meðferð fyrir fólk með áunninn heilaskaða og leggur hópurnum fram 4 aðgerðir sem nauðsynlegt er að fara í til að bæta stöðu þessa hóps. Flestar aðgerðir eru á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis eða undirstofnana þess. Lokatillaga hópsins er að komið verði á fót "Höfuðhúsi" sem er sérhæfð þjónustu-, þekkingar-, og þróunarmiðstöð fyrir fólk með áunninn heilaskaða. Þar á að bjóða upp á jafningafræðslu, aðgang að sérfræðiþjónustu og stuðningsþjónustu. Leggur

starfshópurinn til að þessi aðgerð verði á ábyrgð sveitarfélaganna og teljist til 1. stigs þjónustu.

Nefndin telur tillögu starfshópsins um að "Höfuðhús" sé 1. stigs þjónusta á ábyrgð sveitarfélaga ekki vera rétta nálgun. Um er að ræða endurhæfingu og meðferð fyrir þennan hóp sem eru verkefni á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda.

Félagsþjónustufulltrúa er falið að afla nánari upplýsinga og verður málið tekið fyrir til frekari umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

3. Samræmd móttaka flóttafólks. - 2001058SA

Farið yfir stöðu viðræðna við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks.

4. Samspil framfærslukerfa gagnvart föngum í afplánun. - 2001057SA

Lögð fram til kynningar tillaga grábókarnefndar um samspil framfærslukerfa gagnvart föngum í afplánun.

5. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - fjármögnun 2020 - 2001068SA

Lagt fram yfirlit NPA samninga árið 2019 og farið yfir hvaða horfur eru uppi varðandi fjármögnun samninga árið 2020. Alls voru 90 NPA samningar samþykktir á árinu 2019. Er heildarandvirði samninga kr. 1.745.715.156 og er hlutdeild ríkisins kr. 442.428.789. Fjárveitingar á fjárlögum vegna NPA samninga á árinu 2020 munu ekki ná að dekkja hlutdeild ríkisins í gildandi samningum árið 2020 og ljóst er að ekki verður hægt að samþykkja nýja NPA samninga miðað við fyrirliggjandi fjármagn.

Félagsþjónustunefnd skorar á ríkisstjórn að tryggja fjármögnun NPA samninga árið 2020 og að séð verði til þess að ekki einungis samningar sem eru nú þegar í gildi verði fjármagnaðir heldur einnig að gert verði ráð fyrir nýliðun á árinu, í samræmi við ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2019-2023.

6. Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. - 1812018SA

Lögð fram til kynningar skýrsla um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og staða og þróun húsnæðismála.

Næstu þrjú liðir í fundargerðinni voru ræddir á sameiginlegum fundi með fræðslumálanefnd sambandsins.

7. Frumvarp til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna. - 2001001SA

Frumvarp til laga um samhæfða velferðarþjónustu í þágu barna var tekið til umfjöllunar á sameiginlegum fundi félagsþjónustu- og fræðslumálanefnda sambandsins. Ræddar voru helstu áherslur og athugasemdir sambandsins við frumvarpsdrögin. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, greindi frá stöðu málsins og næstu skrefum. Fram kom að fjöldi umsagna hefði borist, t.a.m. frá skólasamfélaginu, sem telur þurfa skýrari skólavinkil inn í frumvarpsdrögin þar sem umtalsverður hluti þjónustunnar fer fram á þeim vettvangi. Skilgreina þarf betur hugtakið "velferðarþjónusta", þar sem því er ætlað að verða regnhlífarhugtak yfir skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Talsverð umræða

spannst um hlutverk tengiliðar barns og fjölskyldu við velferðarþjónustu, hvort um nýtt starf væri að ræða eða aðeins verkefni sem skilgreina þyrfti með skilmerkilegri hætti.

Nefndirnar telja þá hugmyndafræði sem frumvarpið endurspeglar vera af hinu góða og löngu tímabæra. Hins vegar sé afar þýðingarmikið að verkefni og ábyrgð aðila séu vel skilgreind, ekki síst á vettvangi skóla þar sem mikill hluti umræddrar þjónustu á sér stað. Skipuleggja þurfi fræðslu fyrir starfsfólk skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu til þess að auka líkur á að vel takist til með framkvæmdina og samhæfingu milli kerfa og komast megi hjá togstreitu milli fagstétta. Nefndamenn ræddu um skiptingu þjónustunnar í þrjú stig eftir þyngd og töldu að vanda þyrfti vel til þeirrar umræðu, því slík þrískipting hefði ólíka samsvörun í ólíkum kerfum. Þá kom til tals hvort ekki vantaði að skilgreina eitt stig til viðbótar ("norska kerfið") sem væri sú almenna grunnþjónusta sem öllum væri ætluð áður en viðbótarþjónusta væri skilgreind.

8. Hagnýting sveitarfélaga á niðurstöðum reglubundinna kannana á högum og líðan barna og ungmenna á Íslandi - 1511192SA

Rannsóknir og greining ehf. (R&G) hafa kannað hagi og líðan ungmenna á Íslandi sl. 20 ár og hafa yfir að ráða afar þýðingarmiklum upplýsingum um stöðu og þróun þeirra mála, sem sveitarfélög geta hagnýtt sér inn í stefnumótun og ákvarðanatöku. Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Þorfinnur Skúlason frá R&G komu á fund nefndanna. Undirstrikuðu þau hversu góðum árangri Ísland hefur náð í forvörnum og baráttu við áfengis- og tóbaksneyslu ungmenna á liðnum áratugum, svo eftir væri tekið víða um heim. Samstarf við sveitarfélög hefði verið með eindæmum gott og næðu úttektir þeirra til um 85% allra barna á landinu. Lykiltölur í lífi barna eru aðgengilegar á nýjum vef R&G þar sem hvert sveitarfélag getur séð sína eigin tölur.

Bætt er inn nýjum spurningum í takti við tíðarandann í hverri könnun. Í dag væri t.a.m. könnuð veip-notkun ungmenna, neysla orkudrykkja, rafípróttir, skjátímanotkun, ofbeldi, kvíði og mataræði. Ástæða væri einnig til að hafa áhyggjur af normaliseringu á hassneyslu og áhrifum hennar á ungmenni.

Nefndirnar lýstu yfir ánægju með þann mikilvæga gagnabanka sem orðið hefur til á vettvangi R&G og hvöttu til markvissrar hagnýtingar niðurstaðna við stefnumótun og aðgerðir sveitarfélaga í málaflokkum er taka til barna, ungmenna og fjölskyldna.

9. Breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn - 1901064SA

Tryggvi Þórhallsson gerði grein fyrir stöðu og framgangi málsins á vettvangi jónsmessunefndar sem afgreiddi það frá sér fyrir áramót. Breytingin sem lögð er til felst í því að sveitarfélögin, með samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands, taki yfir alla talmeinaþjónustu við börn. Meðbyr er með þessum breytingum í stjórnsýslunni en andmæli hafa borist frá Félagi talmeinafræðinga.

Nefndarmenn tóku jákvætt í þessar tillögur en töldu engu að síður að ákveðna þætti þyrfti að tryggja áður en hægt væri að fylgja verkefninu úr hlaði. Fjölgja þarf talmeinafræðingum því sveitarfélög hafa átt í miklum vandræðum með að manna stöður þeirra vegna skorts í stéttinni. Þá er þýðingarmikið að huga enn frekar að notkun velferðartækni á þessu sviði og efla fjarþjónustu. Síðast en ekki síst þarf

Ítarleg kostnaðargreining að eiga sér stað sem gerir ráð fyrir að þjónustan þróist til framtíðar í takti við þarfir og þeir fá þjónustu sem ekki njóti hennar við í dag vegna skorts á talmeinafræðingum.

Fundi var slitið kl. 13:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir